



### Kennarar

Bertha I. Johansen (BIJ) berthajo@fsu.is

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) gudbjorg10@fsu.is

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) gudbjorgdora@fsu.is

Jón Özur Snorrason (JÖZ) jonozur@gmail.com

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur nái grunnfærni í bókmenntahugtökum og bókmenntasögu. Nemendur kynnast bókmenntum og hvernig samfélagið mótar þær, frá upphafi Íslandsbyggðar til nútímans. Lesin verða sýnishorn úr íslenskum bókmentum, Gylfaginning Snorra-Eddu og nýleg skáldsaga. Unnin verða fjölbreytt verkefni sem krefjast sjálfstæðra og vandaðra vinnubragða.

### Markmið áfangans

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hugtökum og heitum í bókmenntafræði
- helstu straumum og stefnum í bókmenntasögu
- lykilverkum hvers tímabils

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina myndmál og stílbrögð í ljóðum og öðrum textum
- lesa sér til gagns bókmenntaverk frá ýmsum tímabilum
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
- nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
- draga saman og nýta upplýsingar úr ólíkum heimildum og tengja við eigin skoðanir
- flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka bókmenntatexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar
- vinna skapandi verkefni í tengslum við bókmenntir, menningu og þjóðfélag hvers tímabils
- beita skýru og vönduðu máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum og byggja upp skýra röksemdafærslu
- tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu

## Námsefni

Snorra-Edda á nútímaíslensku í útgáfu Bjarka Bjarnasonar (Óðinsauga).

Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur

Efni frá kennara

## Námsmat

30% Hugtök og heiti í bókmenntum og bókmenntasaga

25% Norræn goðafræði

12% Skáldsaga - *Undir Yggdrasil* eftir Vilborgu Davíðsdóttur

20% Lokaverkefni

13% Önnur verkefni annarinnar

## Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

## Vinnuáætlun – vorönn 2023

Dags.	Viðfangsefni
5. - 7. jan	<b>Hugtök í gegnum sögur og ljóð.</b> Kynning á áfanga.
9. - 13. jan	Hugtök - æfingaverkefni. Hugtök, verkefni 1 - smásöguvinna.
18. - 20. jan	Hugtök, verkefni 2 - ljóðavinna. Hugtök, verkefni 3 - textavinna.
23. - 27. jan	<b>Bókmenntasaga á hundavaði</b> Munnleg geymd og upphaf ritunar.
30.jan - 3.feb	Lærdómsöld og upplýsing.
6. - 10. feb	Rómantík og raunsæi
13. - 17. feb	Rómantík og raunsæi. <b>Próf úr hugtökum og heitum og bókmenntasögunni 20%</b>
20. - 24. feb <b>Verkefnadagur og Miðannarmat</b>	<b>Goðafraði</b> Snorra-Edda, bls. 13-17. Er byrjunin ákveðin blekking?
27. feb - 3.mars <b>Kátir dagar/Flóafár</b>	Snorra-Edda, bls. 17-43 Teikna heimsmyndina, himintunglin og askinn.
6. - 10. mars <b>Áfangamesa</b>	Snorra-Edda, bls. 44-72 Goðin. Snorra-Edda, bls.72-114 Kynningar (1. Borgarsmíðin og skipið Skíðblaðnir, 2. För Þórs til Útgarða-Loka I, 3. För Þórs til Útgarða-Loka II, 4. Dauði Baldurs og Loki bundinn, 5. Ragnarök og lífið eftir ragnarök).
13. - 17. mars <b>Valdagur</b>	Snorra-Edda Heimaritgerð 10% Próf 15%
20. - 24. mars	<b>Skáldsaga - skapandi verkefni - krossapróf</b> Próf 1 (fyrsti hluti sögunnar, bls. 7 - 79). Umræður og verkefnavinna.
27. - 31. mars <b>Opið hús</b>	Próf 2 (annar hluti sögunnar, bls. 80 - 185) Umræður og verkefnavinna
3. - 7. apríl	<b>Páskafrí</b>
10. - 14. apríl Kennsla hefst á mið.	Próf 3 (þriðji hluti sögunnar, bls. 188 - 247 ) Umræður og verkefnavinna
17. - 21. apríl <b>Sumardagurinn fyrsti</b>	Próf 4 (fjórði hluti sögunnar, bls. 250 - 327) Umræður og verkefnavinna. Lokaverkefni kynnt.
24. - 28. apríl	<b>Lokaverkefni</b> Greinargerð sem unnin er út frá einum kafla bókarinnar. Efni kaflans er tengt við flesta námsþætti áfangans.
1. - 5. maí <b>Frídagur verkalýðsins og Dimmision</b>	Uppsóp

4. janúar 2022

Með fyrirvara um breytingar,  
Íslenskukennarar